

**Fundargerð stjórnar BÍS 22/2014. miðvikudaginn 13. nóvember 2014 kl. 17.30,  
Skátamiðstöðinni, Hraunbæ 123, 110 Reykjavík.**

Mættir:

Bragi Björnsson, skátahöfðingi, Fríður Finna Sigurðardóttir, aðstoðarskátahöfðingi, Jón Þór Gunnarsson, formaður alþjóðaráðs, Ólafur Proppé, formaður fræðsluráðs, Gunnlaugur Bragi Björnsson, formaður upplýsingaráðs, Kristinn Ólafsson, formaður fjármálaráðs, Bergþóra Sveinsdóttir, formaður ungmennaráðs og Hermann Sigurðsson, framkvæmdastjóri.

Fjarverandi:

Unnur Flygenring, formaður dagskráráðs.

Dagskrá:

1. Setning: BB setti fund og bauð fundarmenn velkomna.
2. Fundargerð síðasta fundar lögð fram til samþykktar. Samþykkt.
3. Yfirferð gagna frá heimsþingum WOSM og WAGGGS – JPG leiddi umræður.
  - a. Stefnu- og markmiðsáherslur stjórnar  
Farið var yfir stefnuáherslur heimsstjórnar WOSM og rætt hvort þær ættu við okkar framtíðarsýn til 2023. HS var falið að fá þýðanda til að þýða helstu skjölin sem stuðst er við vegna þessarar vinnu. Helstu skjöl sem stuðst var við voru:
    - i. Strategy for Scouting WOSM
      1. Mission, Vision til 2023
    - ii. Markmið til þriggja ára
      1. Strategic priorities
        - a. Youth engagement
        - b. Educational methods
        - c. Diversity & inclusion
        - d. Social impact
        - e. Communication and relations
        - f. Governance
  - b. Næstu skref.
    - i. HS er falið að láta þýða vinnugögn stjórnar um stefnumótun og þriggja ára áætlun WOSM. ÓP tekur að sér að staðfæra.
    - ii. Búa til vörður á leiðinni til ársins 2023 þannig að stefnumótun verði viðráðanleg.
    - iii. Gögn tekin aftur fyrir á fundi þegar þýðingin liggur fyrir.
4. Félagsforingjafundur. Samþykkt að halda hann á Úlfjótuvatni laugardaginn 24. Janúar kl. 10. Drög að dagskrá:
  - a. Stefnumörkun BÍS
  - b. Dagskrá skátaþings
  - c. Lagabreytingar

5. Uppskeruhátíð BÍS og Úlfljótsvatns. Samþykkt að halda uppskeruhátíð BÍS laugardaginn 24. janúar á Úlfljótsvatni og sameina uppskeruhátíð Úlfljótsvatns í leiðinni.
6. Stjórnarfundir. Samþykkt að bæta við stjórnarfundum þannig að næstu fjóra miðvikudaga verði stjórnarfundir frá kl. 17.30-20.00. Þann 3. desember er stjórnarfundur haldinn heima hjá Skátahöfðingja. HS falið uppfæra fundarboð.
7. Öryggisnefnd BÍS. KÓ er falið að vinna málið áfram.
8. Starfsáætlun BÍS. HS kynnti verkefnaform fyrir stjórnarmönnum og þeir beðnir um að skila þeim á næsta fundi.
9. Fjárhagsáætlun. Óskað var eftir því að ráðin gætu fengið sundurliðun á þeim verkefnum sem áætluð eru í rekstraráætlun. HS er falið að skoða málið þannig að þetta verði sundurliðað sjálfkrafa í bókhaldi 2015

Fundi slitið kl. 20:15

Fundargerð ritaði HS